



SEPTEMBER 2025

Skimun fyrir brjóstakrabbameini

Gæðauppgjör 2024



Efnisyfirlit

Inngangur 1

Skimun fyrir brjóstakrabbameini..... 2

Um gögnin 3

Helstu tölur árið 2024..... 4

Samanburður á helstu tölum árin 2022, 2023 og 2024 5

Gæðavísar skimunar fyrir brjóstakrabbmeini..... 5

Boð í skimun 6

Þátttaka í skimun 7

Niðurstöður úr skimun 12

Svartími..... 14

Greining brjóstakrabbameins..... 15

Dánartíðni..... 16

Lokaorð..... 17

Ritstjórn

Guðný Bergþóra Tryggvadóttir

Jón Óskar Guðlaugsson

Sigríður Haralds Elínardóttir

Útgefandi

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

S. 510 1900

mottaka@landlaeknir.is

www.landlaeknir.is

© 2025 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með
neinum hætti, svo sem
ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta eða í heild, án þess að
geta heimildar.

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir [gæðavísunum](#) þeim sem embætti landlæknis hefur skilgreint til að fylgjast með gæðum skimunar fyrir brjóstakrabbameini. Gæðavísar og gæðauppgjör vegna skimunar fyrir brjóstakrabbameini eru nú birt í fjórða sinn eftir að nýju skipulagi var komið á. Niðurstöður skýrslunnar byggja á gögnum úr skimunarskrá sem koma frá Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri sem framkvæma skimanir.



Mynd: Olga Björt Þórðardóttir

Helstu niðurstöður eru að árið 2024 mætti um 61% kvenna í skimun fyrir brjóstakrabbameini samkvæmt skimunarleiðbeiningum og hefur þátttökuhlutfall þá aukist um 9 prósentustig á síðustu tveim árum. Þrátt fyrir mikla aukningu er þátttaka samt ennþá undir viðmiðunarmörkum um 75% mætingu og var lægst 52% árið 2022. Þátttaka jókst í öllum aldurshópum en er eins og undanfarin ár lökust meðal kvenna í yngsta aldurshópum (56%). Mikill munur er á þátttöku kvenna eftir ríkisfangi, um 67% kvenna með íslenskt ríkisfang mætti í skimun samanborið við 23% kvenna með erlent ríkisfang. Einnig var allmikill munur á þátttöku eftir landshlutum, þátttaka var mest á Austurlandi (72%), á Norðurlandi (68%) og á Vestfjörðum (68%) en lökust á Suðurnesjum (52%). Á Suðurnesjum hefur þátttaka verið lítil undanfarin ár en hækkaði nú um 10 prósentustig á milli ára. Ein ástæða fyrir þessari aukningu er betra aðgengi að skimun en árið 2024 var konum á Suðurnesjum boðið upp á skimun í heimabyggð með farandtæki.

Þrátt fyrir góðan árangur í að hækka þátttökuhlutfall er enn brýnt að bæta þátttöku og tryggja áfram gæði greiningar og meðferðar, enda er það markmið lýðgrundaðrar skimunar fyrir brjóstakrabbameini að minnka sjúkdómbyrði og lækka dánartíðni. Vitað er að bæði aðgengi og kostnaður hafa áhrif á þátttöku. Þannig er mikilvægt að halda áfram að leita leiða til að auka aðgengi en ljóst er að nýjungar á árinu gefa góð fyrirheit um framhaldið. Sömuleiðis eigum við eftir að sjá langtíma áhrif af lækkun kostnaðar kvenna af brjóstaskimun en gjald vegna brjóstaskimunar var lækkað úr 6 þúsund krónum í 500 krónur á árinu 2024. Óskandi er að bætt aðgengi og minni kostnaður skili sér í aukinni þátttöku kvenna í skimun.

Sömuleiðis þarf að horfa til þeirra hópa sem kunna að vera jaðarsettir í samfélaginu, ýmist vegna félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna. Þannig þarf að leita leiða til upplýsa konur sem hingað flytja að skimun sé í boði, að hún sé ódýr kostur og góð og örugg leið til að hugsa um heilsu sína.

María Heimisdóttir, landlæknir

Skimun fyrir brjóstakrabbameini

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið meðal kvenna á Íslandi og hefur nýgengi þess aukist jafnt og þétt síðustu áratugi. Dánartíðni vegna brjóstakrabbameina hefur hins vegar lítið breyst og það er m.a. talið byggjast á snemmgreiningu og betri meðferðarmöguleikum. Því fyrr sem meinið greinist því meiri líkur eru á lækningu. Tíðni brjóstakrabbameins eykst með aldri og á árunum 2019-2023 var meðalaldur við greiningu 61 ár.

Lýðgrunduð skimun fyrir brjóstakrabbameini þar sem teknar eru röntgenmyndir af brjóstum hófst hér á landi árið 1987. Tilgangur skimunarinnar er að lækka dánartíðni vegna krabbameins með því að greina það snemma og auka þar með líkur á lækningu.

Skimun fyrir brjóstakrabbameini fer fram á Brjóstamiðstöð Landspítala (LSH), Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) og með sérhönnuðu farandtæki sem farið er með um landsbyggðina á vorin og haustin á vegum Landspítala. Á Landspítala er lesið úr röntgenmyndum vegna skimana og sérskoðana brjósta af landinu öllu.

Embætti landlæknis gefur út [leiðbeiningar](#) um skimanir, setur fram árangursviðmið, gæðavísar og gæðakröfur, auk þess að viðhafa gæðaeftirlit, þar með talið eftirlit með árangri og framkvæmd skimunar. Í þessari skýrslu eru birtir 11 [gæðavísar](#).

Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS) sér um skipulag krabbameinsskimana og að leiðbeiningum um skimun sé fylgt á landsvísi. SKS sér um skipulag og samhæfingu skimana ásamt því að miðla almennum upplýsingum til kvenna um lýðgrundaða skimun svo þær geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku. Til ársins 2021 var framkvæmd skimana á höndum Leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands (LKÍ).

Frá árinu 2024 hefur Ísland verið virkur þátttakandi í evrópsku samstarfi sem tengist krabbameinsskimunum, [EU CanScreen](#). Meginmarkmið verkefnisins er að auka krabbameinsforvarnir og minnka sjúkdómabyrði vegna krabbameina. Því er ætlað að auka gæði gagna, bæta eftirlit og tryggja jafnt aðgengi allra hópa að skimunum fyrir krabbameinum. Í kjölfar verkefnisins verði hægt að innleiða nýjar skimunaráætlanir samkvæmt ákvörðun stjórnvalda hverju sinni.


Þá er gögnum miðlað úr krabbameinsskrá til *Nordcan* sem er samstarfsverkefni Norðurlanda um krabbameinsgreiningar á Norðurlöndum. Hægt er að sjá stöðu Íslands í samanburði við aðrar þjóðir á heimasíðu [Nordcan](#).

Um gögnin

Skýrslan byggir að mestu leyti á gögnum úr skimunarskrá sem haldin er skv. 8. gr. laga um landlækni og lýðheilsu 41/2007. Skráin er skilgreind sem miðlæg, meðferðartengd heilbrigðisskrá á landsvísu og er tilgangur hennar að stuðla að samræmdri og markvissri framkvæmd og eftirfylgd krabbameinsskimana. Gögn skrárinnar nýtast einnig til að fylgjast með þátttöku í skimunum, við samanburð milli landa, við gæðauppgjör krabbameinsskimana og til vísindarannsóknna. Einnig eru nýttar upplýsingar um krabbameinsgreiningar úr krabbameinsskrá sem haldin er samkvæmt sömu lögum. Upplýsingar varðandi skipulag og verklag eru fengnar frá SKS og Brjóstamiðstöð LSH.

Krabbameinsskrá inniheldur gögn um öll krabbamein sem greinast á Íslandi og skimunarskrá inniheldur gögn um þátttöku í krabbameinsskimunum og skimunarsögu einstaklinga. Í skimunarskrá eru færðar upplýsingar úr þjóðskrá og upplýsingar frá rekstraraðilum í heilbrigðisþjónustu sem koma að framkvæmd skimana, þ.e. frá heilsugæslustöðvum, sjálfstætt starfandi kvensjúkdómalæknum, LSH, SAK og SKS. Skráin er haldin í rauntíma og er hún því stöðugt uppfærð sem gerir það að verkum að tölur sem áður hafa verið gefnar út geta breyst lítillega. Skimunarskrá sú sem unnið er með hefur að geyma gögn frá og með árinu 1985 en unnið er að gerð nýrrar skimunarskrár sem styður betur við yfirsýn og tölfræðigreiningar.

Helstu tölur árið 2024



Samanburður á helstu tölum árin 2022, 2023 og 2024

	Viðmið	2022	2023	2024	
Konur á skimunaraldri (40-74 ára)		72.039	75.602	76.948	
Fjöldi brjóstmynda		19.814	21.374	22.908	
Páttökuhlutfall	>75%	52%	56%	61%	–
Meðalsvartími	<15 dagar	4 dagar	6 dagar	5 dagar	✓
Fjöldi endurinnkallana		628	498	557	
Hlutfall endurinnkallana	<5%	3,2%	2,3%	2,4%	✓
Meðalbiðtími eftir endurinnköllun	<10 dagar	8 dagar	4 dagar	3 dagar	✓
Páttökuhlutfall endurinnkallana		84%	97%	98%	
Fjöldi setmeina (in situ)		33	32	28	
Fjöldi ífarandi krabbameina (invasive)		291	292	314	
Greinist innan árs frá skimun	<30%	6%	6%	5%	✓
Greinist innan tveggja ára	<50%	19%	21%	17%	✓
Fjöldi nýgreindra		324	324	342	
Fjöldi látinna		50	52	59	

- ✓ Innan gæðaviðmiða
- Utan gæðaviðmiða

Gæðavísar skimunar fyrir brjóstakrabbmeini

	Viðmið
Gæðavísir 1 Hlutfall kvenna sem fær boð í skimun af þeim sem eiga að fá boð samkvæmt skimunarleiðbeiningum	100%
Gæðavísir 2 Fjöldi og hlutfall kvenna sem mætir í skimun fyrir brjóstakrabbameini	Yfir 75%
Gæðavísir 3 Hlutfall kvenna sem fær boð í endurinnköllun vegna óeðlilegra skimunarmynda	Undir 5%
Gæðavísir 4 Biðtími frá óeðlilegri skimunarniðurstöðu og þar til sérskoðun á sér stað	Innan 10 daga
Gæðavísir 5 Biðtími frá mætingu í skimun þar til rafrænt svar berst konu inn á Heilsuveru og island.is	Innan 15 daga
Gæðavísir 6 Nýgengi brjóstakrabbameins, meðalfjöldi krabbameinsgreindra síðustu fimm ár á hverjar 100.000 konur (Norrænn aldursstaðall)	
Gæðavísir 7 Fjöldi kvenna sem greinast með setmein (in situ)	
Gæðavísir 8 Fjöldi kvenna sem greinast með ífarandi krabbamein (invasive)	
Gæðavísir 9 Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan árs frá eðlilegri skimun	Undir 30%
Gæðavísir 10 Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan tveggja ára frá eðlilegri skimun	Undir 50%
Gæðavísir 11 Dánartíðni vegna brjóstakrabbameina, meðaltal látinna síðustu fimm ár á hverjar 100.000 konur (Norrænn aldursstaðall)	

Boð í skimun

Gæðavísir 1: Hlutfall kvenna sem fær boð í skimun af þeim sem eiga að fá boð samkvæmt skimunarleiðbeiningum


Viðmið: 100% markhóps fá boð

Staðan 2024: 99,8% markhóps fékk boð

Öllum konum á aldrinum 40-74 ára með lögheimili á Íslandi er boðið í skimun fyrir brjóstakrabbameini samkvæmt skimunarleiðbeiningum landlæknis. Árið 2024 voru tæplega 77 þúsund konur á skimunarlínu á Íslandi en konum á skrá hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum, árið 2022 voru um 72 þúsund konur á skrá á aldrinum 40-74 ára.

Konur á aldrinum 40-69 ára fá boð í skimun á tveggja ára fresti og frá árinu 2021 fá konur á aldrinum 70-74 ára boð á þriggja ára fresti. Boð eru send út reglulega yfir árið og gengið er út frá afmælisdegi kvenna, aldri og fyrri sögu.

Alls voru send 34.639 boð árið 2024 sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Til þess að meta árangur boðkerfis er fylgst með hversu stór hluti kvenna á skimunarskrá fær boð í skimun á réttum tíma. Boðkerfið flettir upp hverri konu og metur hvort hún uppfylli skilyrði fyrir boði eða ekki. Á síðustu árum hefur boðkerfið náð til á milli 98,8-99,8% kvenna í markhóp og telst það góður árangur.



Mynd 1. Hlutfall af markhópi sem fékk boð í skimun fyrir brjóstakrabbameini árin 2015-2024


Þátttaka í skimun

Gæðavísir 2: Fjöldi og hlutfall kvenna sem mætir í skimun fyrir brjóstakrabbameini

Viðmið: Að þátttaka í skimun sé yfir 75%

Staðan 2024: 61% kvenna mætti í skimun

Þátttaka kvenna í skimun fyrir brjóstakrabbameini jókst mikið á síðustu tveim árum. Alls mætti 61% kvenna í skimun árið 2024 og hefur þátttökuhlutfall því hækkað um 9 prósentustig frá árinu 2022 þegar það var hvað lægst, eða 52% (sjá mynd 2). Hlutfall kvenna sem mætir í skimun fyrir brjóstakrabbameini er reiknað sem samanlögð þátttaka kvenna á aldrinum 40-69 ára í tvö ár og kvenna á aldrinum 70-74 ára í þrjú ár og þátttakan borin saman við hversu margar konur eru á skimunarskilyrði á hverju ári fyrir sig. Þrátt fyrir aukna þátttöku síðustu tvö ár er hún þó ennþá talsvert undir viðmiði um 75% þátttöku (sjá mynd 2).



Mynd 2. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini árin 2009-2024¹

Þátttaka í skimun jókst um 4-6 prósentustig í öllum aldurshópum á milli ára (sjá töflu 1). Þátttaka er almennt meiri meðal kvenna í eldri hópum en minnst meðal kvenna í yngsta hópnum, 40-44 ára. Þátttakan hefur samt sem áður aukist um 10 prósentustig meðal kvenna í yngsta hópnum frá árinu 2022 þegar hún var hvað lægst.

Í október 2024 var kostnaður við brjóstaskimun lækkaður úr 6.000 krónum í 500 krónur og vonast er til að sú lækkun skili sér í aukinni þátttöku kvenna í skimun.

¹ Konur á aldrinum 70-74 ára hafa fengið boð í skimun frá árinu 2021 og eru með í útreikningum á þátttökuhlutfalli frá því ári.

Tafla 1. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini eftir aldurshópum árin 2018-2024

Aldurshópur	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
40-44 ára	54%	59%	60%	51%	46%	51%	56%
45-49 ára	58%	61%	61%	54%	50%	55%	61%
50-54 ára	58%	60%	61%	54%	53%	56%	62%
55-59 ára	59%	62%	63%	55%	54%	58%	62%
60-64 ára	58%	61%	61%	55%	54%	58%	63%
65-69 ára	56%	60%	61%	54%	54%	58%	64%
70-74 ára	-	-	-	55%	56%	58%	63%

Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini jókst í öllum heilbrigðisumdæmum á milli ára eða um 2-10 prósentustig (sjá töflu 2). Mesta aukningu mátti sjá á Suðurnesjum þar sem hlutfallið jókst úr 42% í 52% en hlutfallið jókst minnst um 2 prósentustig á Vesturlandi og Suðurlandi. Þrátt fyrir aukna þátttöku á Suðurnesjum er þátttökuhlutfall ennþá lægst þar (52%) en hæst á Austurlandi (72%).


Líklegt er að bætt aðgengi að skimun hafi stuðlað að aukinni þátttöku á Suðurnesjum. Á árinu 2024 var konum á Suðurnesjum boðið upp á skimun í heimabyggð en á árunum á undan þurftu konur að sækja þjónustu til höfuðborgarinnar. Þetta er góður árangur en mikilvægt er að skoða hvernig hægt er að gera enn betur. Á Suðurnesjum býr hærra hlutfall fólks með erlent ríkisfang, en vitað er að sá hópur fólks leitar sér síður heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt er að ná til kvenna af erlendum uppruna og kynna þeim mikilvægi skimana. Bækling um kosti og galla skimunar er að finna á vef embættis landlæknis á [íslensku](#), [ensku](#) og [pólsku](#).

Nú er því boðið er upp á brjóstaskimun í öllum heilbrigðisumdæmum. Farið er bæði að vori og hausti með farandtæki á landsbyggðina til þess að sinna brjóstaskimun á þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Ferðast er milli þéttbýlisstaða samkvæmt skipulagi Brjóstamiðstöðvar LSH.

Tafla 2. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini eftir heilbrigðisumdæmum árin 2018-2024

Heilbrigðisumdæmi	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Höfuðborgarsvæðið	56%	60%	61%	53%	51%	55%	61%
Suðurnes	49%	53%	53%	43%	40%	42%	52%
Vesturland	58%	60%	56%	59%	54%	59%	61%
Vestfirðir	65%	66%	71%	58%	58%	63%	68%
Norðurland	61%	66%	63%	60%	61%	63%	68%
Austurland	68%	72%	69%	65%	63%	68%	72%
Suðurland	60%	62%	65%	58%	56%	61%	63%


Á undanförunum árum hefur verið mikill munur á þátttöku kvenna eftir ríkisfangi en af þeim konum sem fengu boð árið 2024 mættu um 67% kvenna með íslenskt ríkisfang í skimun samanborið við 23% kvenna með erlent ríkisfang (sjá mynd 3). Það mátti þó sjá aukna þátttöku í báðum hópum. Hlutfall meðal kvenna með íslenskt ríkisfang sem mætti í brjóstaskimun hækkaði um 6 prósentustig á milli ára og hlutfall meðal kvenna með erlent ríkisfang hækkaði um 5 prósentustig.



Mynd 3. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini meðal kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang árin 2014-2024


Á mynd 4 má sjá þátttöku kvenna í skimun fyrir brjóstakrabbameini eftir heilbrigðisumdæmum og ríkisfangi. Hæst er þátttökuhlutfall meðal kvenna með íslenskt ríkisfang á Austurlandi (78%) og Vestfjörðum (77%) en lægst á Suðurnesjum (61%). Þátttakan jókst í öllum umdæmum meðal kvenna með íslenskt ríkisfang, mest um 11 prósentustig á Suðurnesjum og um 6 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutfallslega mættu flestar konur með erlent ríkisfang í skimun fyrir brjóstakrabbameini á Austurlandi (30%) og Norðurlandi (28%) en færstar á Suðurnesjum (17%). Þátttaka kvenna með erlent ríkisfang jókst í flestum heilbrigðisumdæmum á milli ára, mest á Suðurnesjum um 7 prósentustig og um 5 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu.




Mynd 4. Þátttaka í skimun fyrir brjóstakrabbameini meðal kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang árin 2018-2024, greint eftir heilbrigðisumdæmum

Konum sem mættu í röntgenmyndatöku fyrir krabbameini í brjóstum árið 2024 fjölgaði á milli ára og eru nú teknar yfir 5 þúsund fleiri myndir en árið 2021 (sjá mynd 5). Fjölgað hefur í skimunarhópnum frá árinu 2021 en í byrjun þess árs var einnig farið að senda boð til kvenna á aldrinum 70-74 ára.



Mynd 5. Fjöldi röntgenmyndataka fyrir krabbameini í brjóstum kvenna á aldrinum 40-74 ára² árin 2019-2024



Mynd 6. Fjöldi röntgenmyndataka fyrir krabbameini í brjóstum greint eftir mánuðum árin 2021-2024

² Árin 2019 og 2020 fengu konur á aldrinum 40-69 ára boð í skimun.

Niðurstöður úr skimun

Gæðavísir 3: Hlutfall kvenna sem fær boð í endurinnköllun vegna óeðlilegra skimunarmynda

Viðmið: Undir 5% kvenna séu með óeðlilega skimunarmynd

Staðan 2024: 2,4% kvenna voru með óeðlilega skimunarmynd og fengu boð í endurinnköllun til frekari rannsókna

Gæðavísir 4: Biðtími frá óeðlilegri skimunarniðurstöðu og þar til sérskoðun á sér stað

Viðmið: Innan 10 virkra daga (tveggja vikna)

Staðan 2024: 96% fengu tíma innan 10 virkra daga


Röntgenmyndatökur vegna skimunar fyrir brjóstakrabbameini voru alls 22.908 á árinu 2024. Við úrlestur þessara mynda mátu röntgenlæknar grunsamlegar breytingar í 557 tilfellum og var þá viðkomandi kona kölluð inn í [sérskoðun á brjóstum](#).

Biðtími eftir endurinnköllun er sá tími sem líður frá óeðlilegri skimunarniðurstöðu og þar til konan mætir í frekari skoðun. Sú skoðun kallast sérskoðun á brjóstum og felur í sér endurtekna röntgenmynd af brjóstinu, ómun af brjósti og tekið er vefjasýni til greiningar ef ástæða er til. Þessi rannsókn tekur um 30-60 mínútur. Miðað er við að biðtími eftir svari úr sérskoðun sé að hámarki fimm virkir dagar.

Ef tekið er vefjasýni til greiningar getur tekið um tvær vikur að fá niðurstöðu. Markmiðið með slíku sýni er að greina hvort um góðkynja eða illkynja breytingar sé að ræða.


Hlutfall endurinnköllunar var svipað á milli ára, um 2,4% fyrir árið 2024, en samkvæmt gæðaviðmiðum er miðað við að hlutfallið fari ekki yfir 5% (sjá mynd 7).

Af þeim konum sem voru kallaðar inn í sérskoðun fengu 515 tíma innan 10 virkra daga eða yfir 96% þeirra sem fengu boð. Þetta er aukning frá síðasta ári en 93% kvenna fengu tíma innan 10 virkra daga árið 2023.




Mynd 7. Hlutfall skimana fyrir krabbameini í brjóstum sem leiða til endurinnkallana árin 2008-2024

Hlutfall endurinnkallana var tiltölulega jafnt yfir flesta mánuði ársins 2024 að mars undanskildum þar sem það fór yfir 4%. Árið á undan var það einkum hærra yfir sumarmánuðina (sjá mynd 8).



Mynd 8. Hlutfall skimana sem leiddu til endurinnkallana eftir mánuðum ársins 2023 og 2024

Konur sem voru kallaðar inn í sérskoðun árið 2024 biðu að jafnaði þrjá virka daga eftir að mæta í sérskoðun sem er degi skemur en árið 2023. Um 86% kvenna fengu tíma í sérskoðun innan viku og 96% innan 10 daga (sjá mynd 9). Mikil stytting hefur orðið á biðtíma eftir sérskoðun á síðustu árum, 96% mættu í sérskoðun innan viðmiða um 10 daga árið 2024 samanborið við 68% árið 2020.



Mynd 9. Hlutfall kvenna sem mætti í sérskoðun innan viku (5 virkra daga), 2ja vikna (10 virkra daga) og 3ja vikna (15 virkra daga) frá brjóstaskimun árin 2020-2024

Svartími


Gæðavísir 5: Biðtími frá mætingu í skimun þar til rafrænt svar berst konu inn á Heilsuveru og island.is

Viðmið: Að svar berist innan 15 virkra daga frá skimun


Staðan 2024: 5,3 virkir dagar

Svartími brjóstaskimunar er skilgreindur sem fjöldi virkra daga sem líður frá því að kona mætir í brjóstaskimun og þar til konan hefur fengið svar inn á vefsíðuna island.is. Frá árinu 2022 hafa svör úr brjóstaskimun einnig birst konum inn á *Mínar síður* á heilsuvera.is.

Á síðustu árum hefur mikil árangur náðst í að stytta svartíma, þ.e. fjöldi daga frá mætingu í skimunarmyndatöku til svardags. Árið 2024 var meðalsvartími 5,3 virkir dagar frá mætingu í brjóstaskimun til svardags sem er sambærilegt við árið á undan (sjá mynd 10). Á mynd 11 má sjá meðalsvartíma á mánuði fyrir árið 2024. Meðalsvartími var lengstur um 11 virkir dagar í desember og 8,5 dagar í nóvember en var vel undir viðmiðum aðra mánuði þess árs eða 3 til 6 dagar.



Mynd 10. Meðalsvartími árin 2020-2024 (Meðalfjöldi virkra daga frá mætingu í skimun fyrir brjóstakrabbameini til svardags)



Mynd 11. Meðalsvartími árið 2024 eftir mánuðum (Meðalfjöldi virkra daga frá mætingu í skimun fyrir brjóstakrabbameini til svardags)

Greining brjóstakrabbameins

Gæðavísir 6: Nýgengi brjóstakrabbameins, meðalfjöldi krabbameinsgreindra síðustu fimm ár á hverjar 100.000 konur (Norrænn aldursstaðall)

Staðan 2020-2024: 151,7/100.000

Gæðavísir 7: Fjöldi kvenna sem greinast með setmein (*in situ*)

Staðan 2024: 28 konur

Gæðavísir 8: Fjöldi kvenna sem greinast með ífarandi krabbamein (*invasive*)

Staðan 2024: 314 konur

Nýgengi brjóstakrabbameins yfir fimm ára tímabil frá 2020-2024 er 151,7/100.000 samkvæmt upplýsingum úr [krabbameinsskrá](#) og hefur hækkað frá síðasta fimm ára tímabili, 2015-2019, þegar það var 147,4/100.000. Alls greindust 342 konur með brjóstakrabbamein árið 2024, 28 konur með setmein og 314 með ífarandi krabbamein. Meðalaldur kvenna við greiningu var 61 ár á tímabilinu 2020-2024.

Setmein (*ductal/lobular carcinoma in situ*) er staðbundið krabbamein í mjólkurgangi eða mjólkurkirtli sem ekki hefur rofið umlykjandi grunnhimnu (*basement membrane*). Þessi mein geta með tímanum þróast yfir í ífarandi krabbamein.

Ífarandi krabbamein er krabbamein sem hefur brotist í gegnum þau mörk sem eðlilegur brjóstvefur setur og getur dreift sér til aðliggjandi svæða og annarra líffæra. Stigun krabbameins við greiningu miðast við stærð æxlis. Ef æxli er undir 20 mm, er það á stigi T0-T1 en ef það er yfir 20 mm er það á stigi T2-T4.

Algengustu aðgerðir vegna brjóstakrabbameins eru brottnám á brjósti og fleygskurður. Brjóstakrabbamein sem greinast í skimun eru oftast minni og því frekar meðhöndluð með fleygskurði.

Gæðavísir 9: Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan árs frá eðlilegri skimun

Viðmið: Undir 30%

Staðan 2024: Um 5% kvenna sem greindust með brjóstakrabbamein 2024 höfðu farið í skimun innan árs frá greiningu, sem var metin eðlileg,

Gæðavísir 10: Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan tveggja ára frá eðlilegri skimun


Viðmið: Undir 50%

Staðan 2024: Um 17% kvenna sem greindust með brjóstakrabbamein 2024 höfðu farið í skimun innan tveggja ára frá greiningu, sem var metin eðlileg,

Sýnt hefur verið fram á að röntgenmynd af brjóstum er besta aðferðin við skimun fyrir brjóstakrabbameini en sú aðferð er þó háð innbyggðum takmörkunum sem ekki er hægt að yfirstíga. Þannig sjást ekki öll krabbamein á röntgenmynd og greinast því ekki í slíkri skoðun.

Gæðavísir 9 og 10 eiga að segja til um næmi skimunar. Gæðavísir 9 segir til um hlutfall kvenna sem greinist með krabbamein innan eins árs frá eðlilegri skimun en gæðavísir 10 um hlutfall sem greinist innan tveggja ára frá síðustu eðlilegu skimun. Ef krabbamein greinist innan 1-2ja ára frá síðustu skimun er hugsanlegt að skimun hafi gefið falska neikvæða niðurstöðu, þ.e. ekki greint krabbamein sem var til staðar á röntgenmynd.

Á mynd 12 má sjá að 5% kvenna sem greindust með krabbamein árið 2024, höfðu farið í skimun á síðustu 12 mánuðum sem sýndi ekkert óeðlilegt og 17% kvenna á síðustu 24 mánuðum. Hlutfall kvenna sem greindist innan árs frá skimun er svipað á milli ára en hlutfall sem greindist innan tveggja ára frá síðustu skimun lækkaði um 4 prósentustig á milli ára. Á síðustu 10 árum var hlutfall kvenna sem greindist innan tveggja ára lægst árið 2017 um 12% en hæst árið 2023 um 21%.



Mynd 12. Hlutfall kvenna sem greindist með brjóstakrabbamein innan árs frá skimun og innan tveggja ára frá skimun, af þeim konum sem greindust með brjóstakrabbamein

Dánartíðni

Gæðavísir 11 : Dánartíðni vegna brjóstakrabbameins, meðaltal látinna síðustu fimm ár á hverjar 100.000 konur (Norrænn aldursstaðall)

Staðan 2020-2024: 30,4/100.000

Á árinu 2024 létust 59 konur úr brjóstakrabbameini sem eru fleiri konur en létust að meðaltali á árunum 2020-2024. Þá lést 51 kona að meðaltali á ári úr sjúkdómnum.

Dánartíðni er skilgreind sem fjöldi látinna á hverjar 100.000 konur. Norrænn aldursstaðall er notaður við útreikningana og er dánartíðni metin yfir fimm ára tímabil. Dánartíðni sjúkdómsins var 30,4/100.000 fyrir tímabilið 2020-2024 sem er sambærilegt við fyrra fimm ára tímabil, 2015-2019 þegar hún var 30,8/100.000. Hægt er að sjá stöðu Íslands í samanburði við aðrar þjóðir á heimasíðu [Nordcan](#).

Lokaorð

Lýðgrunduð skimun fyrir krabbameini í brjóstum er mikilvæg leið til þess að draga úr dánartíðni vegna brjóstakrabbameins. Með því að greina mein á byrjunarstigi aukast lífslíkur til muna og meðferð verður oft einfaldari fyrir konuna og ódýrari fyrir samfélagið. Til þess að skimun skili tilætluðum árangri þarf að fylgjast með framkvæmd hennar, m.a. þátttöku, og bregðast við ef þátttaka er undir væntingum.

Á síðustu tveim árum hefur náðst mikill árangur í að auka þátttöku kvenna í brjóstaskimunum eða aukning um 9 prósentustig. Um 61% kvenna mætti í skimun árið 2024 samanborið við 52% árið 2022 þegar þátttakan var í lágmarki. Þátttaka er þó ennþá talsvert undir viðmiðum um 75% þátttöku.

Þátttökuhlufall er mismunandi eftir aldri, ríkisfangi og búsetu. Lægst er það meðal kvenna á aldrinum 40-44 ára þó svo að þátttaka hafi aukist um 5 prósentustig á milli ára í þeim hópi. Einnig er þátttaka kvenna með erlent ríkisfang mun dræmari (23%) en meðal kvenna með íslenskt ríkisfang (67%) en jókst þó um 5 prósentustig á milli ára.

Lengi hafði verið rætt um að lækka komugjald í skimun fyrir brjóstakrabbameini og í október 2024 var gjaldið lækkað úr rúmum 6.000 krónum í 500 krónur. Vonast er til að þessi lækkun skili sér í enn frekari þátttöku á næstu árum. Á hinum Norðurlöndunum hefur það gefist vel að tími í skimun sé fyrirfram ákveðinn í boðsbréfi en viðtakandi geti haft samband og breytt tímanum eftir þörfum. Verið er að skoða möguleika á að forbóka tíma hér á landi.

Verkefnið framundan er að auka þátttöku kvenna enn frekar í skimunum, sérstaklega að ná til kvenna með erlent ríkisfang. Góð þátttaka er frumskilyrði þess að lýðgrunduð skimun skili þeim árangri sem til er ætlast og það er sameiginlegt verkefni allra sem að málum koma að auka þátttöku í skimun fyrir brjóstakrabbameini. Það er því mikilvægt að fylgjast áfram náið með gæðum og árangri skimunarinnar.